# *Nr. 005 / 10 Skemmtibátur*

## *Vélavana og dreginn til hafnar*

*Skipaskr.nr.* Óskráður
*Smíðaður:* Ítalíu 2003, plast
*Tegund:* Selva
*Mesta lengd:* 5,4 m *Skráð lengd:*
*Breidd:* 2,35 m *Dýpt:*
*Vél:* Yamaha utanborðsvél 44 kW, 2003
*Fjöldi skipverja:* 1



Selva bátur©Framleiðandi

***Gögn:***
*Gögn RNS*

*Málið afgreitt á fundi 15. febrúar 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 1. janúar 2010 var nafnlaus skemmtibátur að sigla frá höfninni í Vogum. Veður: Logn.

Þegar komið var skammt undan landi stöðvaðist vélin og við athugun kom í ljós að sprunga var í gruggglasi á bensínlögninni. Bátsverjinn óskaði eftir aðstoð og Dagný GK 90 dró bátinn til hafnar.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að bátsverjinn taldi sprunguna á gruggglasinu vera til komna vegna ofherslu á henni en hún var úr plasti. Hann taldi einnig að sprungan hafi valdið því að vélin náði að draga loft inn á bensínlögnina.

### *Nefndarálit:*

Nefndin ályktar ekki í málinu.